



Heiti áfanga: Dægurmenning og félagsleg málvísindi

Áfanganúmer: ÍSLE3DF05

Prep: 3

Fyrir hvaða bekk: 3. N og 3. F

Aðili sem kynnir áfanga: Elín Una Jónsdóttir

Lýsing:

Í áfanganum vinna nemendur með tungumálið á fjölbreyttan hátt. Þeir kynnast margskonar málsniði, skoða gamalt mál og nýtt og muninn á „góðu“ málfari og „slæmu“. Málnotkun í íslenskrri dægurmenningu og á samfélagsmiðlum verður sérstaklega skoðuð. Nemendur skoða sína eigin málnotkun og rannsaka mállýskur, slangur, slettur, nýyrði, tökuorð og sérhæfðan orðaforða. Þá læra nemendur að þekkja og forðast algengar málvillur og kynnast prófarkarlestri. Nemendur lesa pistla og fræðigreinar um málfar og málnotkun og kynnast helstu stofnunum sem starfa í þágu íslenskrar tungu. Þá vinna nemendur ýmis verkefni í ræðu og riti og velja sér rannsóknarefni eftir áhugasviði. Áhersla er lögð á framsetningu efnis sem er „tilbúið til birtingar“ sem og á flutning fyrir framan myndavélar og hljóðnema.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- málfræðihugtökum og málfélagslegum hugtökum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- mismunandi tegundum bókmennta í dægurmenningunni sem og nytjatexta
- félagslegu gildi málsins og hvernig það endurspeglar og mótar sjálfmynd einstaklingsins

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýninni hugsun og koma skoðunum sínum á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- nota helstu hugtök sem snúa að félagslegum málvísindum og málnotkun
- beita gagnrýninni hugsun og koma skoðun sinni á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- nýta hjálpargögn á markvissan hátt við frágang ritsmíða
- nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- flytja mál sitt af öryggi



- lesa sér til gagns og gamans nytjatexta sem fjalla um íslenskt mál og hugleiða og fjalla um inntak þeirra

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vera gagnrýninn í hugsun og hafa lýðræði, mannréttindi og jafnrétti að leiðarljósi
- styrkja eigin málfærni og beita skýru, lýtalausum máli í ræðu og riti
- tjá afstöðu og efasemdir um efnið sem unnið er með og komast að niðurstöðu
- geta beitt gagnrýninni hugsun og sköpunarkrafti við úrvinnslu fjölbreyttra verkefna í tengslum við viðfangsefnið
- taka þátt í málefnalegum umræðum um vægi og stöðu íslenskrar tungu
- birta og flytja eigið efni um viðfangsefnið af öryggi
- sýna yfirveggun og víðsýni í verkum sínum

Forkröfur: ÍSLE3RD05

Námsmat: Símat / leiðsagnarmat